

137. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 27. mars 2023 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Einar Brandsson formaður

Björn Guðmundsson varaformaður

Elsa Lára Arnardóttir

Helgi Pétur Ottesen

Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

Starfsmenn:

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Ársreikningur 2022

Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. fór yfir ársreikninginn ásamt framkvæmdastjóra.

Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur Höfða 1.337,5 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta námu 1.298,4 mkr. Afskriftir námu 26,6 mkr. og fjármagnsliðir nettó 14,2 mkr. Gjaldfærsla vegna endurbóta í 1. áfanga Höfða nam 40,9 mkr. Rekstrarafkoma ársins er neikvæð um 42,6 mkr.

Handbært fé lækkar um 166,5 mkr. og nam 127,1 mkr. í árslok 2022.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikninginn með undirskrift sinni.

2) Endurskoðunarskýrsla 2022

Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. fór yfir skýrsluna. Stjórn þakkar Jóhanni fyrir yfirferð á skýrslunni.

Lögð fram.

3) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir þrjá einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 24.3.2023:

Hjúkrunarrými: 29 einstaklingar.

Dvalarrými: 12 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 39 einstaklingar.

4) Afskrift viðskiptakrafna

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um afskriftir viðskiptakrafna að fjárhæð kr. 69.807.

5) Lánasamningur við Akraneskaupstað

Stjórn Höfða samþykkir lánasamning við Akraneskaupstaðar vegna skammtímafjármögnunar á endurbótum í 1. áfanga Höfða.

6) Fundur með heilbrigðisráðherra

Elsa Lára og framkvæmdastjóri fóru yfir efni fundar með heilbrigðisráðherra þann 10.3. sl. um málefni Höfða.

7) Starfsmannamál

a) Beiðni um launalaust leyfi, sjá trúnaðarbók

Stjórn samþykkir beiðnina.

b) Trúnaðarmál

Afgreiðsla trúnaðarmál.

c) Kjarasamningur Sameykis v.starfsmanna Akraneskaupstaðar og Höfða

Lögð fram túlkun frá kjaramálasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga á sérákvæði í viðauka 8.

8) Skýrsla eldvarnaeftirlits vegna 2. áfanga Höfða

Lögð fram.

9) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 15.2.23

Lögð fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:08